

**49. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 13. september og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir.  
Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 7 mánuði ársins
2. SASS þing, kosning fulltrúa
3. Fundargerðir
4. Erindi til hreppsnefndar
5. Samkomulag um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns 2017-2021
6. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við liðnum 7. Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Rangárþingi ytra og Ásahreppi 2017-2020.  
Samþykkt.

**Gengið til dagskrár:**

**1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 7 mánuði ársins**

Lagt fram til kynningar.

**2. SASS þing, kosning fulltrúa**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verður haldið á Hótel Selfossi 19. og 20. október nk. Á árþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Ásahreppur á tvo fulltrúa, en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið. Hreppsnefnd samþykkir að fulltrúar Ásahrepps á árþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verði ES og BJJ aðalmenn og til vara EG og KÖ.

**3. Fundargerðir**

**a) 139. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 31. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**b) 190. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 24. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**4. Erindi til hreppsnefndar**

**a) Beiðni frá Heilaheill um stuðningskveðju.**

Hafnað.

**b) Beiðni um auglýsingu frá Hjálpin, Fréttablað Rauða kross Íslands.**

Samþykkt að veita styrk kr. 8.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**5. Samkomulag um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns 2017-2021**

Hreppsnefnd leggur til að kannaður verði sá möguleik að notað verði kjötmjöl sem áburður en samþykkir samninginn. Sveitarstjóra falið vinna málið áfram í samstarfi við formann fjallskiladeildar.

**6. Næsti fundur hreppsnefndar**

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 11. október nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

**7. Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Rangárþingi ytra og Ásahreppi 2017-2020.**

Lögð fram drög að verkönnunarlýsingu unna að Vegagerðinni.

Hreppsnefnd leggur til að verðkönnunin verði auglýst í héraðsblöðum og frestur framlengdur til að lágmarki 1. október nk. en samþykkir verðkönnunina að öðru leyti.

**Til kynningar:**

- A. Nordregio Forum 2017:CONNECTING THE URBAN AND THE RURAL.
- B. Opinn umræðufundur um gæðaviðmið frístundaheimila, sambandið.
- C. Viðburðir á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- D. Fundargerð 852. fundar stjórnar sambandsins.
- E. Landsfundur sveitarfélaga um jafnréttismál 15. september nk. á Stykkishólmi.
- F. Dagur íslenskrar náttúru 16. september.
- G. Opnun lesfimiþrófa Lesferils, sambandið.
- H. Ráðstefna; "Sjálfbært Suðurland - Úrgangsmál".
- I. HSK fréttir og Fréttabréf UMFÍ.
- J. Skipulagsdagurinn 2017.
- K. Skráning er hafin á Evrópuviku svæða og borga; OPEN DAYS 2017, sambandið.
- L. Frétt um samgönguþing 2017.
- M. 522. fundur stjórnar SASS.
- N. 40 ára afmælisráðstefna SÁÁ 2.-4. okt.
- O. Innanlandsflug sem almenningssamgöngur, málþing sambandið.
- P. Umræðu- og upplýsingafundur um innkaupamál sveitarfélaga, sambandið.
- Q. Nýtt skipulag á talmeinaþjónustu, Skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.
- R. Lokadrög viðbragðsáætlana, Lögreglustjórnin á Suðurlandi.
- S. Laugaland borun heitavatnsholu, Veitur.
- T. Mikilvægi fuglasvæða á Íslandi, Náttúrufræðistofa Íslands.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:20

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)